

Svör Hringiðunnar við spurningum Póst- og fjarskiptastofnunar vegna samráðs um þróun sjónvarpsmiðlunar og tækja

1. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á íslenskan myndmiðlunar- og fjarskiptamarkað?

Hún hefur að mati Hringiðunnar haft veruleg áhrif á fjarskiptamarkað á Íslandi. Það gefur Símanum og Vodafone forskot þar sem þeir geta “bundlað” þjónustum saman og notandinn vill oft hafa hluti einfalda og kýs því að versla alla sína þjónustu á einum stað. Fjöldi notenda DSL tenginga tvöfaldaðist frá 2004 til 2014 hjá Símanum og Vodafone, samsvarandi fjölgun er ekki að finna hjá öðrum þjónustuveitum. Er það mat Hringiðunnar að IPTV þjónustur hafi haft lykilaðhrif hér.

Telur Hringiðan að til að tryggja samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði þurf að tryggja minni fjarskiptafyrirtækjum dreifingu IPTV þjónustur Símans og Vodafone yfir netkerfi Mílu og Gagnaveitu Reykjavíkur í heildsölu. Hringiðan hefur leitaðist eftir því hjá Vodafone að hafa afruglara hjá sér til að afhenda með internettengingum Hringiðunnar en Vodafone hafði ekki áhuga á slíku. Síminn býður tæknilega upp á að afhenda IPTV þjónustu en hefur sett slík skilyrði og slíkar aðgangshindranir að það er ekki á færi minni þjónustuveitna að gera slíkt samkomulag við Símann.

2. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á stöðu neytenda þegar kemur að aðgengi að vinsælu sjónvarpsefni?

Þetta takmarkar töluvert valfrelsi neytenda þar sem neytendur sem eiga jafnvel ekki kost á háhraða neti yfir kerfi Mílu en eiga kost á því yfir kerfi Gagnaveitu Reykjavíkur geta ekki horft á Sjónarp Símans (áður SkjárEinn) í tímaflakki. Fjarskiptafyrirtæki, sem jafnframt eru efnisveitendur, mismuna þannig neytendum með ákvörðunum sínum.

3. Hvaða áhrif hefur það á samkeppni á fjarskiptamarkaði að ákveðið efni sé bundið við tiltekið net.

Líkt og komið var inná í spurningu eitt er það mat Hringiðunnar að þetta skekki verulega samkeppni á innlendum fjarskiptamarkaði. Hvort sem litið er til þess forskots sem Síminn og Vodafone hafa með að geta boðið upp á IPTV þjónustu, þeirra ákvörðun Símans að neita að bjóða neytendum aðgang að Sjónvarpi Símans yfir kerfi Gagnaveitu Reykjavíkur þó engar tæknilegar hindranir séu til staðar eða þess að aðeins er mögulegt að kaupa áskrift að Sjónvarpi Símans (áður SkjárEinn) yfir IPTV lausn Símans.

Hefur það verið afstaða Hringiðunnar í mörg ár að Símanum beri að veita okkur heimild til að dreifa og selja IPTV þjónustu sína yfir kerfi Gagnaveitu Reykjavíkur. Teljum við að Míla væri ekki í þeirri ljósleiðaravæðingu sem þeir hafa verið í nema vegna þessara hluta, ef Síminn færi að bjóða upp á Sjónvarpsþjónustu sína yfir kerfi Gagnaveitu Reykjavíkur væri hægt að beina þessari fjárfestingu út á land og tryggja íbúum landsbyggðarinnar betri og öruggari þjónustu.

Sú aðgangshindrun sem Síminn hefur sett upp að aðeins sé hægt að fá aðgang að ólínulegri dagskrá Sjónvarpi Símans (áður SkjárEinn) yfir IPTV lausn Símans gerir þeim neytendum sem eru með ljósleiðaratengingu yfir kerfi Gagnaveitu Reykjavíkur ómögulegt að sjá það efni og kaupa þá þjónustu, með því hefur því verið stillt upp á þann veg að ákjósanlegast fyrir

neytendur er að koma í viðskipti við Símann með alla sína þjónustu. Heimilispakkinn frá Símanum er svo seldur þessum notendum. Hefur ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2005 sem átti að tryggja fjarskiptafélögum jafnan aðgang hefur vegna þess að ákvörðunum var ekki framfylgt orðið til þess að heimildin til yfirtökunnar á skjá einum hefur haft veruleg skaðleg áhrif á íslenskan fjarskiptamarkað að mati Hringiðunnar.

4. Skiptir máli hvort slík takmörkun (spurning 3) nái eingöngu til ólínulegs efnis?

Vissu leyti hefur það áhrif að hvaða leyti takmörkunin á við, en skemmandi er það fyrir samkeppni engu að síður. T.d. geta notendur á Gagnaveitutengingum sem höfðu aðgang að efni um IPTV Vodafone í ólínulegri dagskrá t.d. Voice Iceland ekki lengur horft á það nema hafa aðgang að Sjónvarpi Símans. Svo virðist sem Síminn stilli þessu svona upp til að tryggja að neytendur kaupi Heimilispakka Símans.

5. Hvaða vægi hefur ólínulegt dagskrárefni í samhengi við vöruframboð fjarskiptafyrirtækja nú og nánustu framtíð?

Vægi ólínulegrar dagskrár mun aðeins aukast næstu árin, samanber erlendar þjónustuveitur líkt og Netflix. Tryggja þarf neytendum óhindraðan aðgang að innlendu efni óháð því hvar þeir eru með fjarskiptaþjónustu sína. Lykillinn þar er að taka fyrir að Síminn geti takmarkað framboð á Sjónvarpi Símans (áður SkjáEinn) við sín kerfi og tryggja að allir neytendur eigi kost á IPTV þjónustum Símans og Vodafone, óháð því hvað þeir eru með netþjónustu.

6. Er það mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslenskra efnisveitna að geta einskorðað efnið við tiltekið fjarskiptanet?

Það er óæskilegt og ætti ekki að vera heimilt á Íslandi, meðal annars vegna þess hve markaðurinn er lítill. Þetta styrkir samkeppnisstöðu markaðsráðandi fjarskiptafélaga sem stunda þá takmörkun á kostnað minni fjarskiptafélaga.

7. Annað sem umsagnaraðili vill koma á framfæri?

Hringiðan telur að Síminn og Vodafone muni halda áfram að standa í vegi fyrir að sjónarpsþjónusta þeirra verði veitt yfir fjarskiptanet annarra fjarskiptafélaga nema PFS og Samkeppniseftirlitið stígi inn í og tryggi að önnur félög eigi kost á heildsöluaðgengi eða að dreifa merkinu.

Hringiðan hefur til dæmis mikinn áhuga á að veita viðskiptavinum sínum á ljósleiðarakerfum GVR og einnig á sunnanverðu Snæfellsnesi aðgengi að IPTV lausn en á ekki kost á því í dag þar sem Síminn og Vodafone neita að afhenda okkur aðgengi að IPTV kerfum sínum.

Má svo velta því fyrir sér hvort að ákvörðun Símans að endurnefna SkjáEinn sem Sjónvarp Símans hafi verið gert meðal annars til að rugla neytendur og gera þeim erfiðara að gera greinarmun á þjónustum og átta sig á því hvaða þjónustur þeir eiga kost á.